

**Ed.**

**493. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907. (Pgskj. 356).

Frumvarp þetta er komið frá neðri deild.

Nefndin telur þá breyting, er frumvarpið fer fram á, nauðsynlega og rjettmæta, hvort sem á hana er litið frá sjónarmiði mannúðarinnar eða hagsýninnar, en hún er í því fólgin að allur útflutningur hrossa til útlanda skuli bannaður frá 1. nóv. til 1. apríl, þar sem útflutningur nú er leyfður á öllum tímum árs. Hingað til hefir útflutningur á hrossum litið tíðkast á vetrum, þar til síðastliðið ár. Öllum má vera ljóst, hve miklum vandkvæðum útflutningur hrossa, að vetrarlagi, er bundinn, ef nokkuð er hugsað um mannúðlega meðferð á þessum skepnum, og það því fremur, sem útbúningi í útflutningaskipunum mun vera ærið ábótavant.

Nefndin hefði helst kosið, að útflutningsbannið hefði náð frá 1. október til 1. júní, en með því hún óttast fyrir, að sú breyting nái ekki samþykki háttv. neðri deildar, þá vill hún ekki ganga lengra í breytingum sínum, en að lengja bannið að vorinu til 1. maí.

Í neðri deild hefir frumvarpið gengið gegnum allar umræður með rangri tilvitnun til hrossaútflutningslaganna, breytingin látin eiga við 2. málsgr. 1. gr. í stað 2. málslið 2. gr.

Nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

**BRFYTINGARTILLÖGUM:**

1. Í stað »2. málsgr. 1. gr.« komi:
  2. málslið 2. gr.
2. Fyrir »1. apríl« komi:
  1. maí.

Alþingi 21. ágúst 1915.

Jósef Björnsson,  
form.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og framsm.

Magnús Pjetursson.